

Ed.

**796. Frumvarp**

til laga um breyting á og viðauka við lög 22. nóv. 1907 um bæjarstjórn í Hafnarfirði.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Kjörskrá sú, er um ræðir í 7. gr. laga 22. nóv. 1907 um bæjarstjórn í Hafnarfirði, skal samin fyrir árslok og gilda fyrir almanaksárið næst eftir, þótt aukakosning í bæjarstjórn fari fram á því ári. Þó skal kjörstjórn leyfa þeim að kjósa, er á kjördegi sannar fyrir henni, eða henni er full vitanlegt, að fullnægt hefir skilyrðum fyrir kosningarrjetti síðan kjörskrá var samin.

2. gr.

Aukaniðurjöfnun þá, sem eftir 22. gr. sömu laga á að fara fram í júní, má bæjarstjórn láta fara fram í maí.

3. gr.

Gjalddagi bæjargjaldanna skal vera einn á ári hverju, hinn 1. dag júlímánaðar.

Sá, sem settur er á aukaniðurjöfnunarskrána, er skyldur að greiða skatt frá þeim tíma, er hann flutti sig til kaupstaðarins, nema hann fyrir nokkuð af þeim tíma hafi greitt útsvar annarstaðar.